



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 18. febrúar 2022

**EFNI: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993 (gjafsókn), 152. Löggjafarþing, þskj. 333 – 233. mál.**

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum. Með frumvarpinu eru lagt til að veitt verði lögbundin gjafsókn í einkamálum er varða sókn miska- og skaðabóta í málum er varða kynferðisbrot eða ofbeldisbrot milli nákominna.

MRSÍ fagnar framangreindu frumvarpi og tekur skrifstofan undir þau sjónarmið flutningsamanna að nauðsynlegt sé að beita ívilnandi löggjöf svo að þolendur kynferðisbrota og þolendur ofbeldisbrota í nánum samböndum geti, þrátt fyrir niðurfellingu mála eða sýknu, leitað leiða sinna til að sækja bætur á hendur þeim sem verkið framdi.

Ljóst er að aðeins lítill hluti umræddra brota fari alla leið í dómskerfinu okkar, án niðurfellingar á fyrri stigum máls eða sýknu, og er því um talsverða réttarbót að ræða fyrir þolendur að geta þó svo sé sótt skaða- eða miskabætur úr hendi brotamanns og fá þannig viðurkenningu á þeim hluta málsins.

Ennfremur er það ljóst að það er ekki á hendi hvers sem er að höfða dómssmál því kostnaðurinn er slíkur. Efnameira fólk er því í mun betri stöðu til að sækja réttindi sín sem hreinlega getur ekki talist til jafnréttis. Frumvarpið myndi því einnig girða fyrir ójafnrétti til að sækja bótarétt sinn fyrir dómstólum.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Viðröðingarfyllst,  
Mannréttindaskrifstofa Íslands